



Febrúar 2024

HVATARBLAÐIÐ

Verksamningur undirritaður.

Þann 19. janúar 2024 var undirritaður verksamningur milli Hitaveitu Grímsnes- og Grafningshrepps og Borlausna ehf. um borun nýrrar vinnsluholu í landi Vaðnes. Holan er staðsett í grennd við núverandi vinnsluholu veitunnar. Ráðgjafi veitunnar er ÍSOR og hafa þeir eftirlit með verkinu ásamt hönnun á holu. Holan verður í sama þvermáli og núverandi vinnsluhola eða með 10 3/4" fóðringu og 8 1/2" vinnsluhluta en þó aðeins dýpri eða um 600 m í stað 430 m. Einnig verður fóðrað niður á 100 m samanborið við 56 m í núverandi vinnsluholu.

Þessi aðgerð mun ef vel til heppnast bæði auka vinnslugetu á svæðinu ásamt því að auka afhendingaröryggi veitunnar. Gert er ráð fyrir að borun hefjist í janúar og verða verklok að ráðast af borhæfni jarðlaga á svæðinu.

Ef holan heppnast vel er stefnt á að virkja holuna seinni hluta árs 2024 og tengja hana við núverandi dreifikerfi veitunnar. Skv. forðamati ÍSOR er möguleiki á töluvert meiri vinnslu á heitu vatni á Vaðnesjörðinni



Iðna Marsibil Jónsdóttir sveitarstjóri og Jón Árni Jónsson framkvæmdastjóri Borlausna við undirritun verksamnings.



SUMAR 2024

Sumarstörf hjá Landsvirkjun

Við leitum að kraftmiklu ungu fólki í fjölbreytt sumarstörf fyrir háskóla-, iðn- og tækninema sumarið 2024.

Kynntu þér hvað er í boði og sæktu um á landsvirkjun.is/sumarstorf



NÝIR POKAR UNDIR LÍFRÆNAN ÚRGANG

Á vormánuðum tekur við ný meðferð á lífrænum úrgangi sem safnast í sveitarfélaginu og frá þeim tíma má ekki setja maíspoka í lífræna úrganginn. Þess í stað verður stuðst við bréfpoka. Ástæða þess er sú að lífræni úrgangurinn mun fara í moltugerð hjá Gas- og jarðgerðarstöð Gaju á Álfsnesi, en sú stöð tekur ekki við maíspokum þar sem þeir geta valdið vandræðum í vélbúnaði stöðvarinnar.

Bréfpokarnir standa íbúum og fasteignaeigendum til boða endurgjaldslaust, en hægt er að nálgast þá í Íþróttamiðstöðinni Borg, á Gámastöðinni Seyðishólum, í Grænu könnunni á Sólheimum og á skrifstofu sveitarfélagsins.

Að gefnu tilefni er fólk hvatt til þess að taka ekki fleiri poka en það þarf í einu. Í hverju búnti eru 80 stk. af pokum sem ættu að endast í u.þ.b. 6 mánuði á meðalheimili.

Þá stendur fólki einnig til boða að fá nýja körfu undir pokana sem er sérhönnuð fyrir þessa tegund poka, en körfurnar verða eingöngu afhentar **á skrifstofu sveitarfélagsins.**



Komum saman 60+

Endurtökum opna húsið.

Þann 27. febrúar klukkan 20:00 verður opið hús í Frístundamiðstöðinni á Borg fyrir öll 60 ára og eldri.

Þetta er óformleg samvera þar sem hægt er að koma og hitta aðra, sinna hannyrðum, spila og spjalla, allt eftir áhuga hvers og eins.

Kaffi verður í boði og gaman ef fólk kæmi með eitthvað smáræði í sameiginlegt snarl.



Bókasafn Grímsnes- og Grafningshrepps



Opnunartímar:

Mánudaga 12:30 - 13:30 og 15:00 til 16:30

Þriðjudaga 15:00 til 16:30

Fimmtudaga 12:30 - 13:30 og 15:00 til 16:30

Kvöldopnun:

Þriðjudaginn 6. febrúar frá 19:30 til 21:30

Handverkskvöld

Fimmtudaginn 22. febrúar frá kl. 19:30 til 21:30

Aðalfundur

Kvenfélags
Grímsneshrepps

Verður haldinn laugardaginn 24. febrúar
kl. 11:00 í Félagsheimilinu Borg.

Dagskrá auglýst síðar.

Hlökkum til að sjá ykkur.

Kveðja,
Stjórnin



JP Verk ehf.
Jarðvinnuverktaki
JTVERKEHF@GMAIL.COM
Jóhannes 848-1123 &
Guðmundur 868-4115



**Tökum að okkur
STÓR og smá verk:**

jarðvinnu -
tætingu -
snjómokstur -
bílaflutninga,
jarðheflun &
fólksflutninga.



Til sölu kjötfars ca. 600 gr. á 500 kr.
Bjúgu á 1.000 kr

netfang storihals55@gmail.com
Sími 8972686



GRÆNA KANNAN - KAFFIHÚS

VERSLUNIN VALA

OPNUNARTÍMI GRÆNU
KÖNNUNNAR OG VÖLU Í
FEBRÚAR 2024

VIRKIR DAGAR OPIÐ

11:00 TIL 16:00

LAUGARDAGAR 11:00 TIL 17:00

SUNNUDAGA 13:00 TIL 17:00

MÖTUNEYTI OPIÐ ALLA VIRKA
DAGA FRÁ 11:30 TIL 13:00

NÝ OG ENDURBÆTT NETVERSLUN ER KOMIN Í LOFTIÐ.
[HTTPS://VERSLUN.SOLHEIMAR.IS/](https://verslun.solheimar.is/)



Eldri borgarar athugið

Frá og með 1. janúar 2024 kostar máltíð í mótuneyti sveitarfélagsins fyrir alla íbúa með lögheimili í sveitarfélaginu fædda 1957 og fyrir 450.- krónur.

Áfram verður í boði að kaupa máltíð fyrir maka á 1.350.- krónur.

Þeir sem ætla að nýta sér hádegisverðinn þurfa að láta skrifstofu sveitarfélagsins vita fyrir fyrsta skiptið þannig að hægt sé að skrá fólk í rafrænt kerfi sem notast er við. Eftir það þarf einungis að skrá kennitölu í spjaldtölvu sem er á gangi á milli skóla og félagsheimilis. Í lok hvers mánaðar er svo sendur rafrænn reikningur.

Notkun matarmiða verður lögð niður samhliða þessari breytingu.

Eins og áður hefst hádegisverðurinn kl. 11:30 og ekki er nauðsynlegt að skrá sig heldur nóg að mæta.



GRÍMSNES- OG
GRAFNINGSHREPPUR

Sveitarstjórn



Sveitarstjórn 561. fundur 17. janúar 2024
kl. 09:00–10:36
Stjórnsýsluhúsinu Borg

Sveitarstjórn

Ása Valdís Árnadóttir oddviti
Björn Kristinn Pálmarsson
Dagný Davíðsdóttir
Ragnheiður Eggertsdóttir
Smári Bergmann Kolbeinsson

Starfsmenn

Iða Marsibil Jónsdóttir sveitarstjóri

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði
Iða Marsibil Jónsdóttir sveitarstjóri

Ása Valdís Árnadóttir oddviti setti fund, bauð fundargesti
velkomna og leitaði athugasemda við fundarboð, engar
athugasemdir voru við boðun fundarins.

1. Fundargerðir.

**a) Fundargerð 6. fundar Lýðheilsu- og æskulýðsnefndar,
12. september 2023.**

Lögð fram til kynningar fundargerð 6. fundar Lýðheilsu- og æskulýðsnefndar
sem haldinn var 12. september 2023.

**b) Fundargerð 7. fundar Lýðheilsu- og æskulýðsnefndar,
11. október 2023.**

Lögð fram til kynningar fundargerð 7. fundar Lýðheilsu- og æskulýðsnefndar
sem haldinn var 11. október 2023.

**c) Fundargerð 40. fundar Fjallskilaneftndar Grímsnes- og Grafningshrepps,
4. desember 2023.**

Lögð fram til kynningar fundargerð 40. fundar Fjallskilaneftndar Grímsnes- og
Grafningshrepps sem haldinn var 4. desember 2023. Áður höfðu verið lögð
fram drög að fundargerð sama fundar og leiðréttist það hér með.

**d) Fundargerð 13. fundar Framkvæmda- og veitunefndar,
11. desember 2023.**

Lögð fram til kynningar fundargerð 13. fundar Framkvæmda- og veitunefndar
sem haldinn var 11. desember 2023.

e) Fundargerð 272. fundar skipulagsnefndar UTU, 10. janúar 2024.

Mál nr. 22, 23 og 24 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram fundargerð 272. fundar skipulagsnefndar UTU sem haldinn var
10. janúar 2024.

**Mál nr. 22; Villingavatn L170831; Lóð undir bátaskýli;
Stofnun lóðar - 2401012.**

Lögð er fram umsókn er varðar stofnun lóðar úr landi Villingavatns L170831.
Um er að ræða 12.000 fm lóð þar sem fyrirhugað er að reisa ca. 800 fm skýli
fyrir báta sumarbústaðaeiganda á Villingavatni.

Sveitarstjórn samþykkir erindið samhljóða skv. fyrirliggjandi umsókn.
Sveitarstjórn vill árétta að heimildir til uppbyggingar á lóðinni geta eftir atvikum
verið háðar gerð deiliskipulags sem tekur til framkvæmdaheimilda innan
hennar.

**Mál nr. 23; Grímkelsstaðir 1-32 og Grímkelsstaðir L170861 – 863,
Krókur L170822; Staðfesting á afmörkun og stærð lóða – 2312046.**

Lögð er fram umsókn sem tekur til staðfestingar á stærðum og hnitsetningum
á frístundalóðum að Grímkelsstöðum 1-32 og Grímkelsstöðum L170861-863.
Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fresta málinu m.a. vegna misræmis á
milli framlagðra gagna og þinglýstra gagna og mælist til þess að staðföng
lóðanna verði tekin til endurskoðunar á grundvelli staðfangareglugerðar.

**Mál nr. 24; Minna-Mosfell L168262; Staðfesting á afmörkun og breytt
skráning jarðar - 2312045.**

Lögð er fram beiðni um staðfestingu á hnitsetningu og afmörkun jarðarinnar
Minna-Mosfell L168262.

Sveitarstjórn samþykkir erindið samhljóða með fyrirvara um lagfærð gögn og
samþykki viðkomandi eigenda aðliggjandi landeigna.

**f) Fundargerð samvinnuverkefni um kaldavatnsöflun úr Kaldárhöfða,
8. janúar 2024.**

Lögð fram til kynningar fundargerð samvinnuverkefni um kaldavatnsöflun úr
Kaldárhöfða sem haldinn var 8. janúar 2024.

**g) Fundargerð 3. fundar Almannavarnanefndar Árnessýslu,
14. desember 2023.**

Lögð fram til kynningar fundargerð 3. fundar Almannavarnanefndar Árnessýslu
sem haldinn var þann 14. desember 2023.

**h) Fundargerð 604. fundar stjórnar Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga,
8. desember 2023.**

Lögð fram til kynningar fundargerð 604. fundar stjórnar Samtaka sunnlenskra
sveitarfélaga sem haldinn var þann 8. desember 2023.

**i) Fundargerð 940. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga,
15. desember 2023.**

Lögð fram til kynningar fundargerð 940. fundar stjórnar Sambands íslenskra
sveitarfélaga sem haldinn var þann 15. desember 2023.

2. Húsnæðisáætlun Grímsnes- og Grafningshrepps 2024.

Lögð fram drög að húsnæðisáætlun Grímsnes- og Grafningshrepps 2024. Áætlunin var unnin á rafrænum grunni Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi drög að húsnæðisáætlun fyrir Grímsnes- og Grafningshrepp 2024 en felur sveitarstjóra að koma á framfæri athugasemdum við tölur úr gagnagrunni Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar.

3. Fjallskilanefnd.

Fyrir liggur bréf frá Guðrúnu S. Sigurðardóttur formanni Fjallskilanefndar þar sem fram kemur að hún ásamt öðrum aðalmönnum í Fjallskilanefnd hafa beðist lausnar frá störfum.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að varamenn fjallskilanefndar fari með stjórn fjallskila í Grímsnes- og Grafningshreppi tímabundið þar til nýir aðalmenn hafa verið skipaðir og að Guðmundur Jóhannesson verði formaður.

Fulltrúar G listans lögðu fram eftirfarandi bókun: Fulltrúar G listans harma að fjallskilanefnd sjái sér ekki fært að starfa áfram. Þar sem að upp er komin sú staða að skipa þurfi í fjallskilanefnd í þriðja sinn á kjörtímabilinu, skora fulltrúar G listans á sveitarstjórn að rýna í hvað fór úrskeiðis í samstarfinu til að koma í veg fyrir afsögn í þriðja sinn. Mikil vinna og tími sparist með því að sama nefnd starfi út kjörtímabilið.

4. Beiðni um umsögn: Skógrækt í Álfadal, Álfheimum og Skógarbrekkum í Grímsnes- og Grafningshreppi, nr. 0014/2024.

Fyrir liggur tölvupóstur frá skipulagsgátt Skipulagsstofnunar dagsettur 8. janúar 2024. Í tölvupóstinum er óskað eftir umsögn sveitarfélagsins við skógrækt í Álfadal, Álfheimum og Skógarbrekkum í Grímsnes- og Grafningshreppi, nr. 0014/2024: Tilkyning um framkvæmd (Tilkyning til ákvörðunar um matsskyldu).

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að vísa erindinu til skipulagsnefndar.

5. Stofnsamningur fyrir Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs. – seinni umræða.

Fyrir liggur stofnsamningur fyrir Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs. ásamt viðaukum til síðari umræðu í sveitarstjórn. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi stofnsamning fyrir Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs. ásamt viðaukum 1 og 2.

6. Úrskurður Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindarmála, mál nr. 98/2023.

Fyrir liggur úrskurður í máli nr. 98/2023, kæra á ákvörðun sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 29. júní 2023 um að samþykkja útgáfu framkvæmdaleyfis fyrir efnistöku úr námu E24 í Seyðishólum. Í úrskurðinum kemur fram að ákvörðun sveitarstjórnar um að samþykkja útgáfu framkvæmdaleyfis fyrir efnistöku úr námu E24 í Seyðishólum er felld úr gildi.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela sveitarstjóra/oddvita ásamt Vigfúsi Þór Hróbjartssyni að vinna málið áfram og lögmanni sveitarfélagsins Óskari Sigurðssyni hrl., að gæta hagsmuna sveitarfélagsins.

7. Beiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi um umsögn vegna umsóknar um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II – Óðinsstígur 6, 805 Selfossi.

Fyrir liggur bréf frá Sýslumanninum á Suðurlandi, dagsett 3. janúar 2024 um umsögn vegna umsóknar um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II að Óðinsstíg 6, 805 Selfossi, fnr. 234-3814.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að leggja gegn útgáfu rekstrarleyfis á grundvelli laga nr. 85/2007 í flokki II að Óðinsstíg 6, fnr. 234-3814 á þeim grundvelli að leyfisveitingin samræmist ekki heimildum gildandi deiliskipulags svæðisins.

Sveitarstjórn bendir á að heimildir aðalskipulags Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032 gera ráð fyrir að gististarfsemi geti verið á frístundasvæðum. Þó er gerð krafa um að gististarfsemi sé skilgreind í skilmálum gildandi deiliskipulags. Heimildir fyrir gististarfsemi innan deiliskipulags eru háðar því að fjöldi bílastæða innan lóðar sé fullnægjandi og að enginn lóðarhafi innan deiliskipulagssvæðisins leggist gegn starfsemi við breytingu á deiliskipulagi eða við gerð nýs deiliskipulags.

8. Viðauki við ráðningarsamning sveitarstjóra.

Fyrir liggur viðauki við ráðningarsamning sveitarstjóra þar sem fyrri hluti 6. greinar í ráðningarsamningi sem snýr að akstri tekur breytingum.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða framlagðan viðauka og felur oddvita að undirrita hann.

Iðá Marsibil Jónsdóttir vék af fundi við afgreiðslu málsins.

9. Skýrsla starfshóps um fyrirkomulag eftirlits með hollustuháttum og mengunarvörnum og matvælum.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps telur að mörgum spurningum sé enn ósvarað varðandi fyrirhugaðar breytingar á fyrirkomulagi eftirlits með hollustuháttum og mengunarvörnum og matvælaeftirliti. Sveitarstjórn leggur áherslu á að fyrirhugaðar breytingar muni ekki fela í sér kostnaðarauka fyrir sveitarfélög og að í áframhaldandi vinnu sé haft náið samráð við sveitarfélög, heilbrigðiseftirlitsnefndir og aðra hagaðila.

10. Bréf frá Vali Rafni Halldórssyni, f.h. Sambands íslenskra sveitarfélaga, boðun á landsþing 14. mars n.k.

Lagt fram til kynningar.

11. Bréf frá innviðaráðherra Sigurði Inga Jóhannssyni, breytingar á regluverki um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

Lagt fram til kynningar.

12. Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið kynnir til samráðs mál nr. 1/2024, „Frumvarp til laga um vindorku“.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps fagnar því að komið sé til umsagnar frumvarp um breytingar á lagaumhverfi vindorkunýtingar ásamt drögum að stefnu um vindorkunýtingu. Sveitarstjórn telur mjög mikilvægt að sett verði skýrt regluverk og skýr stefna um vindorkunýtingu og tekur heilshugar undir umsögn stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga. Jafnframt vill sveitarstjórn ítreka umsögn sína frá maí 2023 sem skilað var inn vegna skýrslu starfshóps um vindorku og taka sérstaklega undir nokkra punkta frá Samtökum orkusveitarfélaga.

Brýnt er að allar ákvarðanir tengdar vindorku og eftir atvikum öðrum virkjanakostum séu teknar á grundvelli skýrrar stefnu stjórnvalda, heildstæðu regluverki og skýrum leiðbeiningum sem tryggja samræmda og skilvirka framkvæmd og fyrirsjáanleika í ákvarðanatöku. Það verður því að setja það í forgang að gera skýra stefnu, setja heildstætt regluverk og vinna góðar leiðbeiningar. Sveitarstjórn tekur því undir það sem Samtök orkusveitarfélaga segja um að mun æskilegra hefði verið að leggja fram mun knappari og hnitmiðaðri stefnu ásamt tillögu að aðgerðaáætlun um breytingar á lögum og reglugerðum, leiðbeiningum til stjórnvalda ríkis og sveitarfélaga um leyfisveitingar og skipulagsmál og mögulega fleiri framkvæmdaratriði en þessa almennu stefnu sem kemur fram í tillögu til þingsályktunar um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu vindorku á Íslandi. Það eru vonbrigði að slík aðgerðaáætlun er ekki hluti af stefnunni. Tílefni er til að segja mun skýrar hvaða aðgerðum stjórnvöld hyggjast hrinda í framkvæmd og hver sé ábyrgðaraðili þeirra aðgerða.

Það er þó skýrt að nærsamfélag orkuvinnslu á ekki og getur ekki fórnast sinni náttúru og auðlindum án þess að njóta sanngjarns ávinnings af orkuframleiðslunni og því er mjög mikilvægt að það komi fram ásættanlegar tillögur um skattlagningu orkumannvirkja samhliða eða í kjölfar þessa frumvarps.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps er að sjálfögðu reiðubúin til frekara samráðs og samtals um þau atriði sem fram koma í umsögn þessari.

13. Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið kynnir til samráðs mál nr. 265/2023, „Endurmat á virkjunarkostum úr 3. áfanga rammaáætlunar – tillögur verkefnastjórnar“.

Lagt fram til kynningar.

14. Mennta- og barnamálaráðuneytið kynnir til samráðs mál nr. 264/2023, „Áform um frumvarp til laga um æskulýðs og frístundastarf“.

Lagt fram til kynningar.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl.: 10:36.



GRÍMSNES- OG
GRAFNINGSHREPPUR



Íþróttamiðstöðin á Borg

Við leitum að þjónustulunduðu fólki í sumarstarf frá 1. júní 2024 til 18. ágúst 2024.

(Lágmarksaldur er 18 ára)

Helstu verkefni og ábyrgð

- Gæsla við sundlaug, baðvörslu, afgangi og eftirlit með íþróttahúsi og þreksal.
- Almenn þrif.
- Umsækjandi mun sækja námskeið í skyndihjálpar og þarf að standa hæfnispróf sundstaða.
- Vaktavinna 2-3-2: unnið í 15 daga – frí í 15 daga

Menntunar- og hæfniskröfur

- Rík þjónustulund og færni í mannlegum samskiptum.
- Dugnaður, stundvísi og samvirkusemi.
- Standist námskeið í skyndihjálpar og sundpróf laugarvarða samkvæmt reglugerð um hollustuhætti á sund- og baðstöðum.
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi.
- Hreint sakavotttorð.
- Lágmarksaldur 18 ár.

Nánari upplýsingar gefur Hans Magnússon í tölvupósti á hansi@gogg.is

Orlofsnefnd FOSS auglýsir.

Óskað er eftir sumarhúsi til leigu sumarið 2024. Eignin þarf að vera með að lágmarki tvö svefnherbergi, baðherbergi, stofu og eldhúsi. Það væri kostur ef heitur pottur fylgir eigninni og að grill væri á staðnum.

Nefndin skoðar allar eignir sem við fáum ábendingar um.

Hægt er að senda tölvupóst á foss@foss.bsrb.is eða hringja í síma 482-2760.

Starfsfólk FOSS.



Íþróttamiðstöðin Borg

Vetraropnun



Mánudaga - fimmtudaga kl. 14-22

Föstudaga **LOKAÐ**

Laugardaga – Sunnudaga kl. 10 -18

Hætt er að hleypa ofan í laugina 20 mínútum fyrir lokun.

Heimasíða: www.gogg.is

Netfang: sundlaug@gogg.is

Sími 480 - 5530

Ritstjóri Hvatarblaðsins er Linda Sverrisdóttir.
Ábyrgðarmaður: Þórleif Hoffmann Gunnarsdóttir
Efni í blaðið þarf að berast fyrir 28. hvers mánaðar á eftirfarandi netföng: linda@gogg.is eða gogg@gogg.is